# BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚAR Á SUÐURLANDI



SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA




# BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚI

Á Suðurlandi starfa sjö byggðaþróunarfulltrúar sem afmarkast af atvinnusóknarsvæðum á Suðurlandi. Byggðaþróunarfulltrúi styður við þróun byggðar á sínu starfssvæði með virkri þátttöku hagaðila, s.s. íbúa, sveitarfélaga og SASS. Hann framfylgir starfsáætlun fyrir svæðið og sinnir öðrum verkefnum sem falla undir hlutverk byggðaþróunarfulltrúa.

**Starfið byggðaþróunarfulltrúa byggir á:**

- Samþykktum landshlutasamtakana
- Sóknaráætlun Suðurlands
- Samningi við Byggðastofnun
- Stefnumörkun hvers svæðis
- Byggðaáætlun ríkisins

SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA

BYGGÐASTOFNUN

SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS

# ATVINNUSÓKNARSVÆÐIN Á SUÐURLANDI




**Uppsveitir Árnessýslu**

- Grímsnes- og Grafningshreppur
- Hrunamannahreppur
- Skeiða- og Gnúpverjahreppur
- Bláskógabyggð

**Rangárvallasýsla**

- Rangárþing ytra
- Rangárþing eystra
- Ásahreppur

**Sveitarfélagið Hornafjörður**

**Árnessýsla - neðri hluti**

- Sveitarfélagið Ölfus
- Sveitarfélagið Árborg
- Flóahreppur
- Hveragerðisbær

**Skaftárhreppur**

**Vestmannaeyjar**

**Mýrdalshreppur**

**SUÐURLAND**

**15 SVEITARFÉLÖG**

**7 ATVINNUSÓKNARSVÆÐI**

**7 BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚAR**

# ÁRANGURSRÍK BYGGÐAÞRÓUN

**Árangursrík byggðaþróun felur í sér að samfélög beri kennsl á og vinni að eigin lausnum í viðfangsefnum tengdum EFNAHAG, SAMFÉLAGI OG UMHVERFI með það að markmiði að samfélögin verði sjálfbær og heilbrigð**

ÖFLUGT ATVINNULÍF Á SUÐURLANDI MEÐ AUKINNI **NÝSKÖPUN**, **FRAMLEIÐNI** OG FJÖLBREYTTARI ATVINNUTÆKIFÆRUM

AUKIN **UMHVERFISVITUND** ÍBÚA SUÐURLANDS SVO **KOLEFNISSPOR** OKKAR DRAGIST SAMAN




BÆTT **MENNING**, **VELFERÐ**, **MENNTUN** OG **SAMSTARF** SVO LÍFSGÆÐI EFLIST OG MANNLÍF Á SUÐURLANDI BLÓMSTRI

# HLUTVERK

## BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚANS

RÁÐGJÖF OG HANDLEIÐSLA

UPPLÝSINGAÖFLUN

KYNNINGARMÁL OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

SVÆÐISBUNDIN VERKEFNAÞRÓUN OG VERKEFNAVINNA

# HLUTVERK BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA
## **RÁÐGJÖF OG HANDLEIÐSLA**

- veitir ráðgjöf og handleiðslu til einstaklinga, frumkvöðla, stofnana, félagasamtaka og fyrirtækja um þróun verkefna og fjármögnun þeirra, s.s. á sviði atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar
- áhersla á umsækjendur og styrkþega Uppbyggingarsjóðs Suðurlands
- leiðbeinir um stoðkerfið, s.s. fjármögnun verkefna
- tengir fólk, fyrirtæki og hópa saman og tilheyrir hópi byggðaþróunarfulltrúa á Suðurlandi

# HLUTVERK BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA
# **KYNNINGARMÁL OG UPPLÝSINGAMIÐLUN**

- miðlar upplýsingum um hlutverk og þjónustu byggðaþróunarfulltrúa
- stendur fyrir/eða á í samstarfi um fræðslu og/eða þjálfun fyrir frumkvöðla, framleiðendur og fyrirtæki, s.s. í formi námskeiða, fyrirlestra eða tengslamyndunar
- vinnur að upplýsingamiðlun um stoðkerfi atvinnuþróunar, nýsköpunar og menningar
- miðlar upplýsingum um rannsóknir og greiningar sem eiga við um svæðið
- vinnur að tengslamyndun við hagaðila innan og utan svæðis

# HLUTVERK BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA
# **UPPLÝSINGAÖFLUN**

- safnar og greinir upplýsingar um þróun byggðar, s.s. á sviði atvinnulífs, búsetuþróunar og búsetuþátta
- safnar og miðlar upplýsingum um hverskonar aðstöðu, s.s. fyrir listsköpun, vöruþróun, nýsköpun, viðburðarhald og óstaðbundin störf
- hefur yfirsýn yfir rannsóknir og greiningar sem eiga við um svæðið
- hefur yfirsýn yfir nýsköpunar, menningar- og frumkvöðlastarf á svæðinu

# HLUTVERK BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA

## SVÆÐISBUNDIN VERKEFNAÞRÓUN OG VERKEFNAVINNA

- styður við stefnumörkun svæðisins/sveitarfélaga á sviði atvinnu- og byggðaþróunar og eftir atvikum framfylgd einstakra aðgerða
- vinnur að og þróar svæðisbundin verkefni að eigin frumkvæði og í samstarfi við hagaðila
- hvetur íbúa, fyrirtæki og félagasamtök til verkefnaþróunar og þátttöku í samstarfsverkefnum

# HLUTVERK SASS

## Í STÖRFUM BYGGÐAÞRÓUNARFULLTRÚA

SASS
SAMTÖK SUNNLENSKRA SVEITARFÉLAGA

### RÁÐGJÖF OG HANDLEIÐSLA

- veitir faglega aðstoð og styður við jafningjafræðslu byggðaþróunarfulltrúa með vikulegum fundum
- tryggir samhæfingu og jafnræði í veittri þjónustu
- þróar og heldur utan um fræðslutengd verkefni og stuðningsefni á landshlutavísu

### UPPLÝSINGAÖFLUN

- styður við upplýsingaöflun og greiningar
- leitar eftir þjónustu byggðaþróunarfulltrúa við öflun svæðisbundinna upplýsinga
- leitar eftir stuðningi byggðaþróunarfulltrúa við stefnumótun á landshlutavísu

### KYNNINGARMÁL OG UPPLÝSINGAMIÐLUN

- leiðbeinandi við kynningarmál um veitta þjónustu byggðaþróunarfulltrúa í landshlutanum og eftir atvikum kynnir þjónustuna almennt
- styður við upplýsingamiðlun byggðaþróunarfulltrúa um stoðkerfið.
- miðlar upplýsingum um samstarfsverkefni á landsvísu og milli landshluta

### SVÆÐISBUNDIN VERKEFNAÞRÓUN OG VERKEFNAVINNA

- veitir faglega aðstoð við mótun og þróun svæðisbundinna verkefna
- kemur að einstökum verkefnum s.s. stefnumótunarvinnu svæða og/eða sveitarfélaga
- tengir saman verkefni milli svæða